

Ed.

460. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Bøggvisstaði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Bøggvisstaði í Dalvíkurhreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra matsmanna. Skylt skal hreppnum að selja ríkinu jörðina aftur eða hluta úr henni, ef ríkið þarf á því að halda fyrir ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki, og skal endurkaupverðið þá ekki vera hærra en matsverðið við söluna. Enn fremur er Dalvíkurhreppi skylt að kaupa af ábúanda Bøggvisstaða hús hans og önnur mannvirki á jörðinni við ábúenda-skipti eftir mati úttektarmanna, ef öðruvísi semst ekki.

Land býlisins Árgerðis fylgir með í sölunni með því skilyrði, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps leigi það núverandi héraðslækni Dalvíkurhéraðs til erfðaleigu-ábúðar, samkvæmt lögum nr. 8 1. febrúar 1936, fyrir sama eftirgjald og hann greiðir nú.

Námaréttindi skulu undanskilin sölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.